

Ágrip: Jöfnuður milli flutningsþátta

Axel Hall

Hér er markmiðið: *Að greina jöfnuð milli flutningsþátta á Íslandi.* Í því samhengi eru skoðuð þau gjöld sem flutningsaðilar á sjó og landi standa frammi fyrir og að hversu miklu leyti þær greiðslu draga upp í svo kallaðan ytri kostnað sem af viðkomandi starfsemi hlýst. Ytri kostnaður samanstendur af ýmsum þáttum eins og mengunarkostnaði, kostnaði vegna hávaðamengunar, slysakostnaði o.fl. Mjög ítarlega útreikninga, bæði verkfræðilega og hagfræðilega, þarf til að meta þennan kostnað. Hér er farin sú leið að kostnaðarupplýsingar eru fengnar úr úttektum á ytri kostnaði Noregi og Danmörku, þær staðfærðar á íslenskar aðstæður og bornar saman við þau gjöld sem notendur greiða.

Miklar sviptingar hafa orðið í samgöngumálum á síðustu árum. Flutningar hafa í ríkari mæli verið að færast á vegi landsins, hvort sem um er að ræða vöru- eða fólksflutninga. Töluverður samdráttur hefur því orðið í öðrum samgöngukerfum. Á síðastliðnum fimm árum hefur til að mynda farþegum með flugi innanlands fækkað um 4,2% á ári og póst- og vörusendingum með flugi innanlands dregist saman um 6,2% að meðaltali. Strandflutningar um Ísland hafa dregist mjög mikið saman. Þessi stöðugi samdráttur í sjóflutningum hefur verið til skoðunar hjá stjórnvöldum. Þar hefur samanburður á kostnaði í landflutningum og sjóflutningum borið hátt aðrar breytur skipta líka máli. Í skýrslu samgönguráðuneytisins frá 2003 er t.d. að finna þá niðurstöðu að nokkrir þættir leggist á eitt við að draga úr sjóflutningum:

1. Stórauknar kröfur um hraða og sveigjanleika í flutningum.
2. Byggðapróun og fækkun á landsbyggðinni minnkar flutningsmagn. Sjóflutningar sem eru háðir stærðarhagkvæmni eiga því örðugt um vik.
3. Birgðahald vöru hefur minnkað og nauðsyn á samfelldum fremur en strjálum flutningum sem styrkir stöðu landflutninga.
4. Meiri stærðarhagkvæmni næst í rekstri eins þéttriðins flutninganets fremur en tveggja samhliða neta.

Þessir þættir endurspeglar breytingar á aðstæðum og breyttar kröfur á markaði og stjórnvöld hafa lítil áhrif á þær breytingar. Verðið í flutningunum er hins vegar umhugsunarefni. Þ.e.a.s. eru stjórnvöld með núverandi rekstri samgöngukerfisins eins og það er í dag að ívilna landflutningum á kostnað strandflutninga. Um leið og slík spurning er sett fram þarf að skoða kerfið eins og það er í dag og spyrja hvaða kerfi er líklegt til að draga úr meintri íhlutun. Þetta er viðfangsefni skýrslu sem gefin var út í upphafi ársins og niðurstöður hennar verða til umfjöllunar í þessu erindi.